



Reykjavík 17. nóvember 2020

Borgarráð
Ráðhús Reykjavíkur

Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins frá 12.11.2020 nr. R20110203 um námskeið bílstjóra hjá Strætó bs.

Strætó bs. er viðurkenndur námskeiðshaldari og hefur hlotið starfsleyfi frá Samgöngustofu vegna endurmenntunar atvinnubílstjóra. Til þess að hljóta slíkt starfsleyfi skilaði Strætó bs. inn kennsluskrá og kennsluáætlun allra endurmenntunarnámskeiða sem halda þarf samkvæmt námskrá Samgöngustofu um endurmenntun atvinnubílstjóra. Strætó uppfyllti allar kröfur Samgöngustofu og er því viðurkenndur námskeiðshaldari endurmenntunarnámskeiða atvinnubílstjóra. Sjá nánar um viðurkennda námskeiðshaldara á vef Samgöngustofu: <https://www.samgongustofa.is/umferd/nam-og-rettindi/endurmenntun-atvinnubilstjora/>

Það er á höndum Samgöngustofu að hafa eftirlit með námskeiðshöldurum og fylgja þeim kröfum sem gerðar eru til endurmenntunar atvinnubílstjóra.

Virðingarfyllst,


Sigríður Harðardóttir, sviðsstjóri mannauðs- og gæðasviðs